

**Sþ.**

## 609. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð vegna rafveitu Ísafjarðar og Eyrarhrepps.

Flm.: Finnur Jónsson, Sigurður Bjarnason, Barði Guðmundsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast viðbótarlán vegna rafveitu Ísafjarðar og Eyrarhrepps, allt að 750000 — sjö hundruð og fimmtíu þúsundum — króna, þó ekki yfir 85% virkjunarkostnaðar, gegn þeirri tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda.

### Greinargerð.

Bæjarstjórn Ísafjarðar hefur fengið hjá Alþingi ríkisábyrgð vegna rafveitu Ísafjarðar og Eyrarhrepps til virkjunar Nónhornsvatns og Selár í Skutulsfirði, og nemur hún einni milljón og tvö hundruð þúsundum króna.

Nú er komið í ljós, að þessi ríkisábyrgð er hvergi nærri fullnægjandi. Veldur því bæði aukning dýrtíðar, síðan um hana var beðið, — og ákvörðun, sem tekin var, eftir að verkið var hafið, um að stækka mjög verulega stíflumannvirkið við Nónhornsvatn. Þetta þótti sjálfsagt, þar eð vatnsskortur á útmánuðum bagar mjög rekstur rafveitunnar. En með hækkun stíflunnar eykst mjög vatnsforði sá, sem nothæfur verður til miðlunar yfir vatnsleysistímann.

Þann 15. þessa mánaðar var virkjunarkostnaðurinn samtals orðinn: ein milljón sjö hundruð og eitt þúsund sextíu og níu krónur 85 aurar.

Þetta sundurliðast þannig:

Prýstivatnspípa .....	kr.	452354.85
Túrbína og rafall með tilh. ....	—	206750.94
Ýmislegt efni .....	—	196542.91
Vinnulaun .....	—	629981.03
Áhöld, keypt og leigð .....	—	34795.33
Vinna á vélaverkstæði og efni .....	—	43108.21
Bifreiðaakstur, olía, benzin .....	—	62728.79
Verkfræðileg aðstoð .....	—	14513.61
Vextir .....	—	24820.25
Bankakostnaður o. fl. ....	—	17292.46
Ýmislegt .....	—	18181.47

Kr. 1701069.85

Við bætist:

Greitt, en ókomið efni, aðallega til virkjunarinnar, tengivirki og fleira .....	kr.	100000.00
Spennar, jarðstrengir, staurar, loftlínuafni o. fl. til aukningar á kerfinu .....	—	200000.00
Til að fullgera stíflu (áætlað) ca. ....	—	300000.00

Kr. 2301069.85

Er þá nokkurn veginn víst, að viðbótarvirkjunin við Nónhornsvatn kemur til með að kosta um tvær milljónir og þrjú hundruð þúsundir króna.

Fer bæjarstjórn fram á, að háttvirk Alþingi veiti allt að 750000 króna ríkisábyrgð vegna virkjunarinnar við Nónhornsvatn, til viðbótar þeirri ábyrgð, sem fengin er, eða um það bil 85% af öllum virkjunarkostnaðinum, eins og hann er nú áætlaður, þegar mannvirkinu sé lokið.

Er þá gert ráð fyrir, að Rafveita Ísafjarðar og Eyrarhrepps geti lagt allt að þrem hundruð þúsundum króna til mannvirkisins af eigin fé. — Er og tæpast hægt að vonast eftir, að það geti orðið meira.

Verkið stendur nú þannig, að byggð hefur verið stífla að nálega tveim þriðju hlutum, prýstivatnspípa lögð og fullgengið frá henni, vélar allar, sem komnar eru, settar upp og veitukerfi aukið talsvert, m. a. fjölgað spennibreytistöðvum.

Eftir er að fá tengivirki í stöðvarhús og setja þau upp — og að byggja um það bil þriðjung stíflumannvirkisins við Nónhornsvatn.

Vatnsrennsli Selár er þegar í vetur hægt að nota inn á gömlu Fossavatnsvélarnar, því að nýja og gamla samstæðan verða samverkandi (korresponderandi).